



Fundargerð hreppsnefndar 02. október 2014

Fundur nr. 6 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 2. október 2014 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Friðrik Óli Atlason, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Bárður Jónasson, Hrund Snorradóttir og Magnús Þór Róbertsson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

a) Fundargerð hafnarnefndar frá 02. september 2014

Umræða fór fram um 3. lið fundargerðar og var samhljóða samþykkt að fela sveitar-/hafnarstjóra að vinna áfram að málinu.

b) Fundargerð fræðslunefndar frá 15. ágúst 2014

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

c) Fundargerð fræðslunefndar frá 19. ágúst 2014

Nefndarmenn tjáðu sig um 2. lið fundargerðar, tillaga kom fram að málinu yrði frestað til næsta fundar. Fundargerðin að öðru leyti samþykkt samhljóða.

2. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Formanni fræðslunefndar, f. h. nefndar, dags. 17.09.2014

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu framkvæmda á lóð leikskólans.

d) Leikskólastjóra til sveitarstjóra, dags. 23. september 2014

Fram fór umræða um regludrög til fjarnáms og var samþykkt að fela sveitarstjóra að vinna áfram að þeim og reglurnar síðan lagðar fyrir sveitarstjórn.

e) Fiskistofu, dags. 11. september 2014

Bréfið lagt fram til kynningar, sveitarfélagið mun innheimta umrædda upphæð.

f) Innanríkisráðuneytinu dags. 18. september 2014

Lagt fram til kynningar, sveitarstjóri mun sækja ársfund Jöfnunarsjóðs.

g) Fjárlaganefnd Alþingis dags. 16. september 2014

Samþykkt samhljóða að senda erindi til fjárlaganefndar.

h) Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 18. ágúst 2014

Samband íslenskra sveitarfélaga mun halda námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn eftir sveitarstjórnarkosningar 2014, haldið á Egilsstöðum. Lagt fram til kynningar.

i) Framkvæmdarstjóra Austurbrúar dags. 26. september 2014

Samþykkt að tilnefna Eyjólf Sigurðsson sem fulltrúa Vopnafjarðarhrepps í samgöngunefnd SSA og Hrund Snorradóttur til vara.

j) Guðjóni Smára Valgeirssyni, f. h. óstofnaðs félags, dags. 15. september 2014
Samþykkt samhljóða að bjóða tilboðsgjafa varðandi kaup á Torfastaðaskóla til fundar við sveitarstjórn.

3. Tillögur frá sveitarstjórnarmönnum:

a) Um starf ferðamálafulltrúa Vopnafjarðarhrepps

Sveitarstjóri gerði grein fyrir málinu, töluverðar umræður urðu síðan um málið.

b) Um opnunartíma gámaports

Fram kom eftirfarandi tillaga minnihluta:

„Í rannsókn sem Baldur Kjartansson gerði á fyrirkomulagi sorpflokkunar í Vopnafjarðarhreppi kom fram að vel hefur tekist til við innleiðingu sorpflokkunar í sveitarfélaginu. Jafnframt kom fram í rannsókninni að íbúum finnst opnunartími gámaports ekki nægur.

Minni hluti sveitarstjórnar Vopnafjarðarhrepps leggur til að komið verði til móts við íbúa sveitarfélagsins og opnunartími gámaportsins aukinn þannig að opið verði alla virka daga frá kl. 08:00-17:00 án gæslu starfsmanns, til reynslu“. Bárður, Hrund og Magnús Þór.

Tillagan síðan borin upp og var felld á jöfnum atkvæðum Samþykkir Magnús Þór, Hrund og Bárður, á móti Eyjólfur, Sigríður Elva og Friðrik Óli, Stefán Grímur sat hjá.

Samþykkt með 4 atkvæðum að fela sveitarstjóra að ræða við forstöðumann þjónustumiðstöðvar um breyttan opnunartíma gámaports.

c) Um opnunartíma sundlaugar

Samþykkt að halda íbúafund hið fyrsta og fá fulltrúa Heilbrigðiseftirlitsins á þann fund þar sem staða Selárlaugar verður upplýst. Íbúum verði kynntur opnunartími októbermánaðar í dreifibréfi á næstu dögum.

Fundargerðin borin upp og hún samhljóða samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 18:00.